

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 23. mars 2017

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um hlutafélög, lögum um einkahlutafélög og lögum um sjálfseignarstofnanir sem stunda atvinnurekstur (einföldun, búsetuskilyrði), 237. mál.

Samtök atvinnulífsins (SA) hafa fengið til umsagnar framangreint frumvarp þar sem lagðar eru til breytingar sem eiga m.a. að stuðla að einföldun á regluverki hlutafélaga og einkahlutafélaga og stemma stigu við misnotkun á félagiforminu.

Það vakti athygli samtakanna að í athugasemdum með frumvarpinu kemur fram að ákvæði frumvarpsins þóttu ekki kalla á sérstakt samráð við atvinnulífið enda að meginstefnu til einföldun á regluverki. Samtökin vilja leggja áherslu á að mikilvægt sé að eiga samráð við fulltrúa atvinnulífsins í öllum málum er snerta starfsumhverfi þess, líka í þeim tilfellum þar sem stjórnvöld telji líkur standa til að atvinnulífið muni horfa jákvæðum augum til fyrirhugaðra breytinga. Var sama athugasemd gerð í umsögn um frumvarp sem að meginstefnu til fjallaði um sama efni og var lagt fram á seinasta þingi og hefði verið ákjósanlegt að nýta tímann milli þinga til samráðs.

Samtökin telja þó ekki ástæðu til að gera verulegar athugasemdir við aðra þætti frumvarpsins en þá sem ætlað er að stemma stigu við misnotkun á félagiforminu. Varðandi a-lið 9. gr. og a-lið 21. gr. frumvarpsins þar sem fjallað er um skyldu þeirra aðila sem hafa misst hæfi sem stjórnarmenn eða framkvæmdastjórar til að upplýsa hlutafélagaskrá um það. Samtökin hvetja stjórnvöld til þess að skoða hvort ekki megi frekar finna leiðir til að koma á sjálfvirku eftirliti innan stjórnkerfisins til að tryggja virkni 66. gr. hfl. og 42. gr. ehfl. og telja þau verulegur vafi á að umrædd breyting muni hafa tilætluð áhrif.

Þá ítreka samtökin að þau lýsa sig reiðubúin til samstarfs við stjórnvöld um frekari leiðir til að sporna gegn kennitölufлакki standi vilji stjórnvalda til þess en samtökin hafa þegar mótað tillögur í þá veru í samstarfi við ASÍ.

Virðingarfyllst,
f.h. Samtaka atvinnulífsins

Berglára Halldórsdóttir